

Nefndasvið Alþingis,
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 19. apríl 2017

Efni: Umsögn um 387. mál, frumvarp til laga um brottfall laga um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga og niðurlagningu Eftirlaunasjóðs starfsmanna Útvegsbanka Íslands

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis hefur með tölvupósti þann 5. apríl sl. leitað eftir umsögn Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga (LH) og Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR) um framangreint þingmál.

Aðdragandi þessa máls er að í lok árs 2011 fól stjórn LH nefnd að gera úttekt á hagkvæmni þess að sameina LH og LSR. Tilfni þess var m.a. að sjóðfélögum LH fer ört fækkandi en virkir sjóðfélagar sjóðsins voru einungis 265 á árinu 2016. Nefndin skilaði af sér úttekt á árinu 2013 sem var m.a. lögð fram í stjórn LH og kynnt fyrir stjórn Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga. Auk þess fékk úttektin kynningu í stjórn LSR og var lögð fyrir fjármála- og efnahagsráðherra. Í úttektinni voru lagðar fram þrjár mismunandi leiðir við sameiningu. Með frumvarpi þessu er farið eftir þeirri leið sem lengst gekk með fullri sameiningu sjóðanna. Með þessari leið næst fram mest hagræðing en í frumvarpinu hefur þess jafnframt verið gætt að sjóðfélagar LH tapi í engu áunnum rétti vegna sameiningarinnar. LH og LSR gera ekki athugasemdir við efni frumvarpsins.

Virðingarfyllst,
f.h. Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga og
Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins


Haukur Hafsteinsson, framkvæmdastjóri